

KJARASAMNINGUR
milli
Sameykis – stéttarfélags
og
Fríhafnarinnar

1. gr.

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við kjarasamning Sameykis-stéttarfélags og Fríhafnarinnar. Kjarasamningur þessi er framlenging á kjarasamningi aðila sem gildi frá 2019-2022.

2. gr.

Gildistími

Gildistími samningsins er frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024.

Almenn launahækkun

Launahækkun samningsins er í formi hlutfallshækkunar og hámarks krónutöluhækkunar.

Þann 1. nóvember 2022 taka mánaðarlaun almennri hækkun um 6,75%, þó að hámarki kr. 66.000.

Kauptaxtar

Í stað áðurgildandi launataxta koma nýir sem verða hluti samningsins. Launataxtar gilda frá 1. nóvember 2022.

Kjaratengdir liðir

Kjaratengdir liðir kjarasamnings hækka um 5,0% frá 1. nóvember 2022, nema um annað hafi verið samið.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðast við fullt starf er:

Á árinu 2023 kr. 103.000.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2023 kr. 56.000.

Hagvaxtarauki 2023

Með hækkun 1. nóvember 2022 hefur hagvaxtarauka skv. kjarasamningi aðila, sem koma átti til greiðslu 1. maí 2023, verið flýtt og að fullu efndur. Jafnframt er samkomulag um að með þessari hækkun og flýtingu komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. kjarasamningi 2019 – 2022.

3. gr.

Afgreiðsla kjarasamnings

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamninga fyrir kl. 17.00 þriðjudaginn 28. mars 2023.

Reykjavík, dags 22. mars 2023

F.h. Sameykis - stéttarfélags

F.h. SA/v. Fríhafnarinnar

Fylgiskjal – launatöflur

| Sölumaður, lagermaður | 1.11.2022 |
|------------------------------|------------------|
| Byrjunarlaun | 420.838 |
| Eftir 1 ár, þrep 2 | 427.816 |
| Eftir 3 ár, þrep 3 | 440.909 |
| Eftir 5 ár, þrep 4 | 447.906 |
| Eftir 7 ár, þrep 5 | 454.666 |
| Eftir 10 ár, þrep 6 | 459.481 |

| Hópstjóri og skrifstofufólk | 1.11.2022 |
|------------------------------------|------------------|
| Byrjunarlaun | 452.052 |
| Eftir 1 ár, þrep 2 | 471.684 |
| Eftir 3 ár, þrep 3 | 484.975 |
| Eftir 5 ár, þrep 4 | 492.008 |
| Eftir 7 ár, þrep 5 | 501.015 |
| Eftir 10 ár, þrep 6 | 507.228 |

Fylgiskjal

Verkátun

Með framlengingu á kjarasamingi aðila til 31. janúar 2024 er viðræðum um önnur atriði en launalið í kröfugerð aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður um aðrar kröfur eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu.

Á fyrsta fundi hvers hóps verður vinna hópsins skipulögð, metið verður umfang verkefnis og þörf á undirhópum. Gengið verði frá fundaáætlun sem miðast við það að verkefni vinnuhópanna verð lokið í samræmi við þá tímasetningu sem kemur fram í verkátun.

| | Verkefni hefst | Verkefni lýkur |
|--|----------------|----------------|
| Uppfærsla kjarasamnings | Apríl 2023 | Apríl 2023 |
| Vinnutími (orlof, stytting, frídagar, sveigjanleiki, vaktir o.fl.) | September 2023 | Nóvember 2023 |
| Önnur mál | Október 2023 | Desember 2023 |